

47. Fundur bæjarráðs Blönduósþæjar miðvikudaginn 18. janúar 2012, kl. 16:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti
 2. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Byggðakvóti

Byggðakvóti sveitarfélagsins ræddur. Samþykkt var eftirfarandi undanþága frá reglugerð nr. 1182/2011, um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2011/2012.

- a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Skipta skal þriðjung 1/3 úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 1/3 skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á innhafsrækju í Húnaflóa og 1/3 sem verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, í hlutfalli við landaðan afla hlutaðeigandi fiskiskips, í þorskígildum talið, á Blönduósi eða Skagaströnd, á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.“
- b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan Blönduós afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað.“

Bæjarráð bókar: „Jafnframt hvetur bæjarráð Blönduósþæjar til þess að fiskvinnslum verði gert kleift að skipta á byggðakvótaafli þannig að þær fái jafn mörg þorskígildistonn á móti þeim afla sem landað er, og er hentugri fyrir viðkomandi fiskvinnslu.“

2. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:00

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)